



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/514
komudagur 5.12.2013

Skagafjörður, 4. desember 2013
nr. erindis 1311264 HSB

Á 91. fundi umhverfis- og samgöngunefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 3. desember 2013 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna)

Svofelld bókun var gerð:

Óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Fulltrúi samfylkingar, Guðrún Helgadóttir, óskar bókað að hún styður ekki brottfellingu laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Endurskoðun laga um náttúruvernd er löngu tímabær enda eru umhverfis- og náttúruverndarmál eitt stærsta úrlausnarefni stjórnmalanna í dag. Þingmenn og ráðherrar hljóta að geta lagt til frumvarp til breytinga á lögum fremur en að hverfa aftur til ársins 1999 með þessa mikilvægu löggjöf.

Fulltrúi framsóknarflokks, Sigríður Magnúsdóttir, óskar bókað að hún tekur undir athugasemdir sem koma fram við lög um brottfall laga um náttúruvernd. Allar athugasemdir sem gerðar hafa verið á frumvarpi á lögum nr. 60/2013 gefa tilefni til endurskoðunar en ljóst er að sú vinna yrði tímafrek þar sem um afar flókinn og viðamikinn lagabálk er að ræða. Ánægjulegt er að gert er ráð fyrir að nýtt frumvarp muni samt sem áður að einhverju leyti byggja á þeirri miklu vinnu sem unnin hefur verið.

Virðingarfyllst,
f.h. umhverfis- og samgöngunefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari